

Mál nr. 2/2019

Ár 2019, þriðjudaginn 30. apríl var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 2/2019

HRFÍ

gegn

X og Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda HRFÍ sem barst siðanefnd 30. janúar 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu X og Y hafi gerst brotlegar við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem hvorki tíkin né rakkinn voru með gilt augnvottorð og þar sem ekki voru kunnar niðurstöður mjaðmamynda tíkarinnar. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 5. febrúar 2018 og þeim gefinn frestur til að andmæla til 5. mars 2019. Þar sem tilmælum um andmæli var ekki svarað voru þau ítrekuð með bréfi dags. 7. mars 2019 og gefinn viðbótarfrestur til 14. mars 2019. Viðbótar svarfrestur var ekki heldur virtur og þar með taldi siðanefnd að útséð væri um andsvör af hálfu kærðu var ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 17. september 2018 var tíkin Apöruð við rakkann B þar sem hvorki tíkin né rakkinn voru með gilt augnvottorð og þar sem ekki heldur lágu fyrir niðurstöður mjaðmamynda tíkarinnar. Skv. reglum um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa slík vottorð að vera til staðar við pörun. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Hundarnir eru af kyninu Íslenskur fjárhundur og er hvor um sig í eigu kærðu.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun.

Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Íslenskur Fjárhundur.

Íslenskur fjárhundur

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir pörun.

Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 7 ára aldur, gildir ævilangt að því tilskyldu að undaneldishundur hafi tvisvar áður verið augnskoðaður án athugasemda eða augnsjúkdóma (sbr. beiðni frá DÍF 15.01.2018).

Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann Undanskilið ræktunarbanni er anterior polar cataract en para verður við hunda sem standast augnskoðun án athugasemda eða augnsjúkdóma (sbr. beiðni frá DÍF 09.09.2015).

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Í málinu liggur fyrir að þegar pörun fór fram hinn 24. apríl 2018 höfðu hvorki tíkin né rakkinn gilt augnvottorð. Auk þess sem niðurstöður mjaðmamynda tíkarinnar voru ekki kunnar. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Íslenskur fjárhundur skulu slík vottorð liggja fyrir en þau eru vottorð sem áskilin eru um heilsufarsskoðun tegundarinnar. Hafa kærðu því gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

IV. Niðurstaða

Kærðu X og Y teljast hafa gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða X er áminnt.

Kærða Y er áminnt.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Kristín Fjóla Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir